



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

LISA1HN05-1

Kennari	Sólveig Sveinbjörnsdóttir solveig.sveinbjornsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Þriðjudagur 10:25-11:05 (vinnurými kennara).	
Námsefni	Listasaga - Frá hellalist til 1900. Bókasafn skólans. Ljósrit frá kennara, gögn af neti, www.inna.is námsumhverfi skólans.	
Áfangalýsing	Í áfanganum kynnir nemandinn sér forsendur sjónlista og helstu stílbrigði í vestrænni listasögu frá öndverðu og fram á 19. öld í samhengi við evrópska sögu og tengsl listarinnar við þjóðfélagið á hverjum tíma.	
Námsmat og vægi námsmatspátta	Til að ljúka áfanganum skal nemandi hafa náð fram eftirfarandi markmiðum: Ná að lágmarki 4,5 í öllum prófum. Nái nemandi ekki þeirri einkunn í prófi má hann taka endurtektarpróf. Ná annareinkunn að lágmarki 4,5 Nái nemandinn ekki að uppfylla þessi skilyrði hefur hann tækifæri til að ljúka áfanganum með lokaprófi. Lokaprófið hefur þá vægi upp á 60% á móti annareinkunn.	
	Símatsáfangi ☐	Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☒
	Heiti	Vægi
	Tímaverkefni og kaflapróf	70%
	Annarpróf	30%
Reglur áfanga	Snjalltæki, svo sem símar eru ekki leyfðar í tímum, nema sem hluti af beinu námi að beiðni kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Í áfanganum verður notuð skissubók sem nemandi þarf að kaupa.	
Grunnþættir menntunar	Áhersla er lögð á að efla myndlæsi nemenda með markvissri þjálfun í greiningu og túlkun mynda. Í gegnum verkefnavinnu fá nemendur vettvang til að tjá eigin skoðanir, taka þátt í uppbyggilegum umræðum og rækta virðingu fyrir sjónarmiðum samnemenda sinna. Námið fer fram á jafnréttisgrundvelli þar sem allir njóta sömu tækifæra til að skapa og láta rödd sína heyrast, á sama tíma og sjálfbærni, samfélagsleg ábyrgð og umhverfisvitund eru samofin öllu starfi áfangans.	

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: Helstu stíleinkennum og stefnum í vestrænni listasögu frá hellamálverkum til 1900	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: Nota hugtök sem tengjast faginu til að tjá skoðanir sínar og rökstyðja þær
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Setja listasöguna í menningarlegt og félagslegt samhengi og gera sér grein fyrir hvaða áhrif staðhættir, náttúruauðlindir, tækniframfarir og stjórnarfar hafa á listræna sköpun - Fjalla um listasöguna með almennri ígrundun og samanburði	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst	64 klst
Heimavinna	16 vikur x 4 tímar x 20 mín	21 klst
Undirbúningur f. lotupróf	3 x 4 klst	12 klst
Verkefnavinna	15 klst	15 klst
Alls		112 klst = 5 ein

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Hellalist	Tímaverkefni, kaflapróf
2. vika 24.-28. ágúst	Stein- og bronsöld /Mesópótamía	Tímaverkefni, kaflapróf
3. vika 31. ágúst-4. september	Mesópótamía / Forn-Egyptar	Tímaverkefni, kaflapróf
4. vika 7.-11. september	Forn-Egyptar	Annarpróf I
5. vika 14.-18. september	Krít / Forn-Grikkir	Tímaverkefni, kaflapróf
6. vika 21.-25. september	Forn-Grikkir /Róm	Tímaverkefni, kaflapróf
7. vika 28. september-2. október	Germanir / Keltar og norrænir menn Íslensk miðaldarlist	Tímaverkefni, kaflapróf
8. vika 5.-9. október	Rómönsk og gotnesk list	Annarpróf II
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt.</i> <i>Miðannarmat 13. okt.</i>	Gotnesk list	Tímaverkefni, kaflapróf
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Endurreisn	Tímaverkefni, kaflapróf
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Fágun og fínleiki	Tímaverkefni, kaflapróf
12. vika 2.-6. nóvember	Háendurreisn	Tímaverkefni, kaflapróf
13. vika 9.-13. nóvember	Barrok	Tímaverkefni, kaflapróf
14. vika 16.-20. nóvember	Rókókó og nýklassík	Tímaverkefni, kaflapróf
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Rómantík	Annarpróf III
16. vika 30. nóvember-4. desember	Raunsæisstefnan	Tímaverkefni, kaflapróf

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Sólveig Sveinbjörnsdóttir